

bænda
FERÐIR

Á GÖNGUSKÍÐUM Í PONTRESINA



4. – 11. febrúar 2024

**Fararstjórn: Anna Sigríður Vernharðsdóttir & Auðunn Páll
Sigurðsson**

Hreyfiferð
Sviss

Ferðalýsing

Tignarlegir tindar, jöklar og dásamlegur furuskógur umkringja friðsæla bæinn Pontresina sem er frábær áfangastaður fyrir vetrarfrí á gönguskíðum. Pontresina er í 1805 metra hæð yfir sjávarmáli og er staðsettur í Engadin dalnum sem býður upp á allt það besta til að gera ferðina að ógleymanlegu vetrarævintýri. Á svæðinu er um 220 km af skíðabrautum sem teygja sig í kringum Engadin vötnin og um fallega hliðardali. Gist verður á góðu hóteli í Pontresina en þar er innifalinn morgunverður og fjögurra rétta sælkerakvöldverður. Á hótelinu er notaleg heilsulind með sauna, eimbaði og nuddpotti. Flogið er með Icelandair til Zürich og ekið sem leið liggur til Pontresina en þangað eru um 215 km. Í þessari skíðagönguferð er ekki skipulögð skíðakennsla og því hentar hún ekki fyrir byrjendur.

Nánar um ferðina

Í ferðinni verða tveir fararstjórar sem munu vera með skipulagða dagskrá. Boðið verður upp á styttri og lengri ferðir og gjarnan staldrað við í hádegi á notalegum veitingastað. Þeir sem vilja frekar njóta þess að skíða á sínum eigin forsendum í dásamlegu umhverfi gera það. Markmiðið er að allir njóti sín á gönguskíðum við góðar aðstæður.

8 dagar | 7 nætur í Pontresina



Skíðasvæðið

Pontresina er notalegur bær í 1805 metra hæð yfir sjávarmáli í efri hluta Engadin dalsins. Svæðið er sólríkt og vel varið fyrir vindi enda umkringgt fjöllum og dásamlegum furuskógi. Engadin dalurinn er sannkölluð paradís fyrir útivistarfólk bæði að sumri og vetri til. Ekki langt frá Pontresina er Bernina fjallgarðurinn þar sem tindarnir Piz Palü og Piz Bernina gnæfa yfir en sá síðari er 4049 metrar að hæð og hæsti tindur austurhluta Alpanna. Á Pontresina svæðinu eru um 220 km af skíðagöngubrautum sem teygja sig í kringum Engadin vötnin og um fallega hliðardali. Þetta er stærsta net skíðagöngubrauta í Sviss og býður að margra mati upp á fallegasta umhverfið. Hér ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi og hægt að fara nýjar og spennandi leiðir á hverjum degi. Síðan 1969 hefur Engadin skíðamararþonið verið haldið á svæðinu og það er virkilega gaman að skíða á þeirri braut eða hluta hennar. Einnig er upplagt að ganga upp að Morteratsch jökulröndinni en jökullinn hefur hopað mikið á síðustu áratugum og búið er að



merkja með minnisvörðum hvar jökulröndin var á hverjum tíma. Síðast en ekki síst er Pontresina talinn vígi krullunnar í Sviss. Sjá nánar á [vefsíðu Pontresina svæðisins](#).

Hóтелиð

Gist verður allar næturnar á fjölskyldureknu hóteli í hjarta Pontresina, Sporthotel Pontresina. Innifalið er hálf tæði, morgunverðarhlaðborð og fjögurra rétta sælkeramatseðill með salathlaðborði og valmatseðli. Notaleg heilsulind er á hótelinu með sauna, eimbaði, hvíldarsvæðum og nuddpotti með útsýni yfir Roseg dalinn. Hægt er að bóka nuddmeðferðir gegn aukagjaldi.



Herbergin eru öll með baði/sturtu, hárpurrku, sjónvarpi og öryggishólfi. Gestir fá baðslopp til afnota á meðan á dvölinni stendur. Ókeypiss þráðlaust net er á hótelinu. Sjá nánar á [vefsíðu hótelsins](#).

Flugið

Flogið verður með Icelandair til Zürich þann 4. febrúar. Brottför frá Keflavík kl. 7:20 en mæting í Leifstöð u.þ.b. 2,5 klst fyrir brottför. Lending í Zürich kl. 12:05 að staðartíma. Frá flugvellið eru um 215 km til Pontresina svo gera má ráð fyrir að rútuferðin taki rúmar 3 klst. Á brottfarardegi leggjum við snemma af stað út á flugvöll og síðan er flogið heim kl. 13:00 frá Zürich. Lending á Íslandi kl. 16:00.

Verð

363.300 kr. á mann í tvíbýli | 49.600 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Ferðir á milli flugvallarins í Zürich og hótelsins í Pontresina.
- ✓ Gisting í tveggja manna herbergi með baði á vel staðsettu hóteli.
- ✓ Morgunverðarhlaðborð.
- ✓ Vel útilátinn 4ra rétta kvöldverður með salathlaðborði.
- ✓ Aðgangur að heilsulindinni.
- ✓ Baðsloppur.
- ✓ Góð aðstaða til að undirbúa gönguskíðin fyrir daginn.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Aukagjald fyrir skíði í flug.
- ✓ Forfalla- og ferðatrygging.